

Góð ráð til
húsmæðra

Er greiddur
reikningur tapað fé?

Viðgerðarbyltingin
er hafin



Neytendablaðið



**Á ferð
og flugi**

JÚNÍ 2018

Efni

Leiðari	2
Fréttir af NS	3
Viðgerðarbyltingin	4
Greiddur reikningur tapað fé	6
Viskósframleiðsla	8
Plastmengun	9
Á ferð og flugi	10
Frá varaformanni	13
Leigjendaaðstoðin	14
Spurt og svarað	15
NS í 65 ár	16
Villandi fullyrðingar	19
Umdeilt efni í illgresiseyði	20
Umhverfisáhrif pálmolíu	21



Neytendablaðið

2. tbl. 64. árg. júní 2018

Útgefandi: Neytendasamtökin, Hverfisgötu 105, 101 Rvk.

Sími: 545 1200

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ritstjóri: Brynhildur Pétursdóttir

Ritnefnd: Ívar Halldórsson, Hrannar Már Gunnarsson

Umbrot og hönnun: Arnar Tr.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Forsíðumynd: Istockphoto

Upplag: 8.200 eintök

Árgjald Neytendasamtakanna 2018 er 5.800 kr.

Óheimilt er að nota upplýsingar úr Neytendablaðinu í auglýsingar og við sölu nema skriflegt leyfi liggja fyrir.

Lykilorð á heimasíðu:

Notendanafn: félagi

Lykilorð: sumar2018

Leiðarinn

Meiri nýting – minni neysla



Neytendasamtökin hafa um áratuga skeið fjallað um umhverfismál enda eru mörg stærstu umhverfisvandamál okkar tíma tilkomin vegna neyslu jarðarbúa, aðallega þeirra betur settu. Á undanförunum árum hefur vitneskjan um skaðsemi plasts á dýralíf og á umhverfið stóraukist. Það tekur plast mörg hundruð ár að eyðast. Reyndar veit enginn hversu langan tíma ferlið tekur því það er minna en ein öld síðan framleiðsla á plasti hófst fyrir einhverri alvöru. Sú

vakning sem orðið hefur í tengslum við gegndarlausu notkun á plastvörum ýmiss konar er mjög jákvæð og gefur til kynna að við erum í auknum mæli tilbúin að axla ábyrgð á þeim skaða sem neysla okkar veldur.

Það er þó ekki bara plast sem við þurfum að hafa áhyggjur af. Heimurinn er til dæmis fullur af fötum og það er ekkert jákvætt við það. Ástæða þess að umhverfisathyglin hefur í auknum mæli beinst að fataiðnaðinum er sú að hann er gríðarlega óumhverfisvænn. Það er mikið fyrir því haft, í umhverfislegu tilliti, að framleiða eina flík sem síðan er kannski sáralítið notuð. Fæstum okkar endist ævin til að slíta út þeim fötum sem við eigum nú þegar í fataskápnum. Það kemur þó ekki í veg fyrir að við bætum í safnið. Það friðar vissulega samviskuna að fara af og til með fatapoka í fatasöfnun en það væri langtum umhverfisvænna að kaupa einfaldlega minna af fötum og gefa góðgerðarsamtökum það sem sparast.

Heimurinn er líka yfirfullur af notuðum ræftækjum sem við losum okkur reglulega við til að rýma fyrir nýjum. Þessi tegund úrgangs veldur miklum vanda þar sem raftæki innihalda alls kyns varhugaverð efni. Endingartími raftækja og heimilistækja er oft stuttur því framleiðendur hafa ekki endilega hvata af því að framleiða endingargóð tæki. Krafa neytenda um nýjustu tækni hefur eflaust líka sitt að segja. Í blaðinu segjum við frá flottu framtaki sem gengur út á að fólk læri að gera við rafmagnstækin sín og minnki þannig sóun og spari pening um leið. Við fjöllum líka um umdeilt efni sem notað er í illgresiseyði, um plastmengun og textílframleiðslu, og um neikvæð umhverfisáhrif pálmolíuframleiðslu. Við berum ábyrgð sem neytendur á því að neysla okkar valdi ekki skaða á lífríki og umhverfi. Það verður þó vart gert öðruvísi en með því að draga úr neyslu og nýta betur það sem við kaupum.

Brynhildur Pétursdóttir

Smálánafyrirtæki loksins komin á ratsjá stjórnvalda



Neytendasamtökin hafa gagnrýnt harðlega hversu illa gengur að koma böndum yfir smálánafyrirtækin, en þau innheimta kostnað langt umfram það sem löglegt er. Málafni þeirra komust í umræðuna fyrir skömmu eftir að samtökin fóru að gagnrýna starfshætti fyrirtækjanna en síðustu fréttir voru þær að stjórnvöld ætluðu að setja á fót starfshóp til að skoða hvernig best væri að bregðast við starfsemi smálánafyrirtækja. Neytendasamtökin setja sig ekki upp á móti því að settur sé á fót starfshópur en telja mjög brýnt að gera starfsemina leyfisskylda og það er hægt að gera strax. Þegar þetta er skrifað hefur starfshópurinn ekki enn verið skipaður en vonir samtakanna standa til þess að það verði gert sem allra fyrst.

Leigjendaaðstoðin vanfjármögnuð

Neytendasamtökin hafa sinnt aðstoð fyrir leigjendur frá árinu 2011, með þjónustusamningi við velferðarráðuneytið. Álagið hefur vaxið jafnt og þétt því erindum hefur fjölgað mikið og málin þyngst. Leigjendur eru oft í mjög erfiðri stöðu og þurfa margvíslega ráðgjöf. Velferðarráðuneytið greiðir 4.1 m.kr. fyrir þjónustuna á þessu ári en Neytendasamtökin hafa ítrekað óskað eftir því að þessi upphæð sé hækkuð svo hún endurspegli raunverulegan kostnað samtakanna af þjónustunni. Við því hefur ekki verið orðið og hafa samtökin nú sent erindi á Ásmund Einar Daðason, ráðherra málaflokksins, og óskað eftir fundi.

Neytendasamtökin geta ekki niðurgreitt þessa þjónustu lengur og ef stjórnvöld telja að 4.1 m.kr. dugi til að standa undir ráðgjöf og þjónustu við leigjendur verða þau að finna verkefninu annan stað.



Tollalækkanir skili sér til neytenda



Í maí tók gildi tvíhliða tollasamningur á milli Íslands og Evrópusambandsins. Þetta þýðir að tollur á fjölmörgum innfluttum vöruflokkum fellur niður og í einhverjum tilfellum lækka tollar verulega. Þá hafa tollkvótar verið auknir, en tollkvóti er ákveðið magn af vöru sem flutt er til landsins á lægri eða engum tollum. Neytendasamtökin fagna þessum áfanga sem vonandi skilar sér í meira vöruúrvali og lægra verði. Samtökin leggja jafnframt áherslu á að seljendur skili verðlækkanum hratt og vel til neytenda.

Tollar á sérostum felldir niður

Tollkvótar fyrir svokallaða sérosta eru stórauknir en sérostar eru ostar sem skráðir eru í samræmi við reglur um vernd afurðaheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Dæmi um slíkan ost er Parmesan. Þessir tollkvótar verða ekki boðnir út eins og venja er, sem þýðir að afnám tollanna ætti að skila sér beint til neytenda. Það hefur löngum verið krafa Neytendasamtakanna að tollar á þessum ostum verði felldir niður og sendu samtökin fyrst erindi til stjórnvalda þess efnis árið 2011.

Tollkvótar með eða án beins

Þær fréttir bárust úr atvinnuvegaráðuneytinu í maí að breyta ætti úthlutun á tollkvótum á kjóti á þann hátt að þeir yrðu reiknaðir með beini en ekki án beins eins og verið hefur. Þessu mótmæltu bæði Neytendasamtökin og Samtök verslunar og þjónustu enda felur þessi ráðstöfun í sér verulega skerðingu á því magni sem nú er heimilað að flytja inn samkvæmt tollkvótum eða um allt að þriðjung. Samtökin sendu sameiginlega erindi til ráðuneytisins og fóru fram á að fá upplýsingar um það hvernig þessum útreikningum hefur verið háttáð hingað til og er svars enn beðið.



Viðgerðabyltingin er hafin

– Gerum við raftækin, spörum pening og hlífum umhverfinu

Í mars var haldin áhugaverð vinnustofa í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Fólk mætti með biluð raftæki og fékk aðstoð við að greina vandann og gera við tækin. Hólmar Svansson er einn þeirra sem stendur fyrir framtakinu sem kallast Restart og er hluti af alþjóðlegri vakningu. Neytendablaðið tók Hólmar tali og spurði hann fyrst um hvað verkefnið snerist.

„Í stuttu máli er þetta röð vinnustofa þar sem fólk getur komið með biluð rafmagns- og rafeindatæki og fengið leiðbeiningar hjá sjálfbodaliðum um það hvernig það getur sjálft lagfært raftækin sín.“ Markmið Restart-verkefnisins er þó margþætt að sögn Hólmars. „Eitt er að lengja líftíma raftækja og sporna gegn sóun, annað er að læra að gera við raftæki og auka þannig þekkingu á því hvaða eiginleika gott raftæki þarf að hafa. Þá er ekki síður bara skemmtilegt að koma saman og læra hvert af öðru að gera við og ekki er nú verra ef við spörum einhvern pening í leiðinni.“ Þannig að fólk þarf sem sagt að gera við sjálft?
„Já, það er lykilatriði að við erum að kenna fólki að gera sjálft við. Það er ekki meiningin að við gerum við fyrir fólk. Okkar sjálfbodaliðar kenna handtökin og eru til taks ef fólk lendir í vandræðum. Það má líkja þessu við að í gamla daga var fólk að gera við hluti, staga í sokka og sauma saumsprettur. Slíkt þótti

bara hagsýni og skynsemi. Sérhæfing vinnuafis leiddi svo til þess að við misstum aðeins taktinn, ætluðum bara sérfræðingum að gera við fyrir okkur. Raftæki í framleiðslu hafa lækkað mikið í verði en á sama tíma hefur kostnaður við vinnu sérfræðinga eins og rafvirkja eða rafeindavirkja hækkað svo mikið hlutfallslega að ekki er talið borga sig að gera við meira að segja smávægilegar bilanir. Fyrirtækin treysta orðið á að við kaupum ný tæki af þeim á nokkurra ára fresti og framleiðendur endingargóðra raftækja hafa margir orðið undir í samkeppninni, því við kaupum jafnvel aftur sömu endingarlitlu tækin þegar okkur er ýtt út í endurnýjun. Þarna hefur skapast ákveðinn vítahringur sem hægt er að rjúfa,“ segir Hólmar.

Hólmar segir markmiðið að setja upp Restart-vinnustofur um allt land og ef fólk er áhugasamt um að koma slíku verkefni á koppinn sé hægt að hafa samband á Restart Ísland á Facebook eða á restarticeland.org



Hólmar og Sunna skoða hvort gera megi við bilaða hárfurrku.

Léleg ending eykur sóun

Hólmar segir að aðstandendum verkefnisins hafi blöskrað stutt ending raftækja og því farið að skoða tölur. „Í ljós kom að á milli árána 2009-2014 tvöfaldaðist raftækjasorp í heiminum og tilfinning okkar hér heima er að síðan 2014 hafi aukinn kaupmáttur mögulega leitt til þess að raftækjasorpið frá okkur hafi aftur tvöfaldað.“ Eina ástæðu þess telur Hólmar vera þá að framleiðendur raftækja sem áður settu metnað í endingu tækja sinna hafi meðvitað ákveðið að stytta líftímann með því að hanna úreldingu inn í vöruna. „Þetta er gert með verri efnum, til dæmis eru oft notaðar plastlamir í stað stáls áður. Hlutir eru límdir saman en ekki skrúfaðir og eins er verð á varahlutum hátt og oft er eingöngu hægt að nota sértæka íhluti sem má bara kaupa af framleiðanda. Síðast en ekki síst koma framleiðendur gjarnan með rafrænar uppfærslur sem stytta líftíma vörunnar. Símar sem hægja á sér þegar nýjar uppfærslur koma eru gott dæmi um síkt.“

Rekið í sjálfboðavinnu

Hólmar segir verkefnið rekið á góðgerðarformi og njóti stuðnings frá áhugasömum fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. „Við höfum fengið nokkra styrki en það er dýrt að koma verkefninu á framfæri og þekkt er í markaðsmálum að það eru alltaf dýrustu herferðirnar sem ganga út á að fá fólk til að breyta viðhorfum og hegðun sinni. Þetta er langhlaup og við viljum gjarnan sjá fleiri Restart-hópa skjóta upp kollinum en þeir eru núna tveir, einn á Ísafirði og einn á Akureyri.“ Fyrsta vinnustofan var einmitt haldin á Akureyri núna í mars. Hvernig gekk hún? „Hún var mjög góð og við fengum fjölda raftækja til skoðunar. Mikið hefur verið um síma og smáraftæki. Oft vantar einhverja varahluti og þá fer tíminn í að hjálpa mönnum að kaupa réttu hlutina á netinu og svo kemur fólk þá aftur á næstu vinnustofu og vinnur þá að viðgerð síns tækis. Vinnustofa tvö var líka góð. Þá komu enn fleiri til okkar. Eftir hverja vinnustofu skráum við öll tæki sem reynt var að gera við og samtals hafa þessar tvær vinnustofur forðað um 140 kg af CO₂ með viðgerðum á í raun mjög fáum tækjum. Ef þessar vinnustofur ná fótfestu, fólk lærir að gera við smærri bilanir og neytendur velja meðvitað betri tæki sem endast og auðvelt er að gera við getur Restart-verkefnið haft mikil jákvæð áhrif fyrir umhverfið,“ segir Hólmar að lokum.



Gestir og sjálfboðaliðar höfðu í nógu að snúast á fyrstu vinnustofunni sem haldin var í mars sl.

Er greiddur reikningur tapað fé?

Það er af sem áður var þegar allir greiðsluseðlar bárust viðskiptavinum með bréfpósti. Í dag þarf fólk að hafa fyrir því að skoða rafræna reikninga inni á heimabanka eða á lokuðu svæði á heimasíðum fyrirtækja.



Það er því miður of algengt að neytendur vakni upp við vandan draum þegar þeir taka sig til og skoða rafræna reikningana eða jafnvel kreditkortayfirlitið. Þá kemur gjarnan í ljós að þeir hafa ofgreitt fyrir einhvers konar þjónustu, jafnvel svo mánuðum eða árum skiptir. Þetta virðist vera algengast þegar um áskriftar- eða bindisamninga er að ræða, svo sem hjá fjarskiptafélögum og líkamsræktarstöðvum. Þegar málið kemst upp og neytandi krefst endurgreiðslu bera fyrirtæki gjarnan fyrir sig að neytandanum beri að fylgjast með því hvort reikningar séu réttir áður en þeir eru greiddir. Nýlega féll dómur sem gæti styrkt stöðu þeirra sem vilja fá endurgreiðslu vegna ofgreiddra reikninga.

Nýr dómur styrkir stöðu neytenda

Dómur sem féll í Hæstarétti nú í mars skýrir að vissu leyti réttarstöðu aðila við þessar aðstæður. Þar hafði fyrirtæki samið við fjarskiptafélag um hýsingu á tölvupósti en nokkrum árum síðar hóf fyrirtækið að hýsa tölvupóst á eigin vegum. Samningnum var síðar sagt upp af hálfu fyrirtækisins en þrátt fyrir það hélt fjarskiptafélagið áfram að krefjast greiðslu mánaðarlega og greiddi fyrirtækið reikninga alltaf samviskusamlega. Það var síðan ekki fyrr en fyrirtækið hafði greitt reikningana í 5 ár sem það áttaði sig á því að verið var að greiða fyrir þjónustu sem ekki var til staðar. Fyrirtækið gerði athugasemdir við innheimtuna og krafðist endurgreiðslu aftur í tímann. Fjarskiptafélagið hafnaði því og taldi það á ábyrgð viðskiptavinar að fylgjast með því hvort

reikningar væru réttir eða ættu rétt á sér. Hæstiréttur var ekki sammála því og taldi að þó báðir aðilar hafi vissulega sýnt af sér verulegt hirðuleysi bæri fjarskiptafélaginu að endurgreiða þá fjármuni sem ofgreiddir höfðu verið.

Ábyrgðin ekki síður seljenda

Í samræmi við niðurstöðu dómsins má færa fyrir því rök að ábyrgð vegna rangra reikninga eftir að samningi aðila lýkur, t.d. vegna bindisamninga hjá líkamsræktarstöðvum eða áskrifta að sjónvarpsstöðvum eða farsímaþjónustu, hvíli á útgefanda reikninga. Þannig ættu þeir sem gefa út slíka reikninga að kanna hvort óskað hafði verið eftir viðkomandi þjónustu, hvort samningur liggji fyrir milli aðila eða hvort hann sé mögulega útrunninn. Þetta þýðir að seljendur geta ekki haldið áfram að krefjast greiðslu í þeirri von að reikningar séu greiddir athugasemdalaust og jafnframt að svör seljenda um að „samningur hafi komist á samhliða greiðslunni“ eða að „greiddir reikningar séu tapaðir peningar“ séu ekki réttmæt.

Þjónustuleiðir breytast í sífellu

Samtökin hafa fengið margar ábendingar og kvartanir vegna breytinga á þjónustuleiðum fjarskiptafélaga en eins og flestir vita eru þær síbreytilegar og oft erfitt að átta sig á því hvað breytist hverju sinni. Ýmist er gagnamagn aukið eða minnkað, mismunandi leiðir eru farnar í að mæla notkun og símtöl eru annað



hvort ókeypis eða gjaldskyld. Það er því algengt að fólk sem byrjaði í viðskiptum við fjarskiptafélag í ákveðinni þjónustuleið sem hentaði vel á þeim tíma sé allt í einu farið að borga mun hærra verð fyrir þjónustu sem það notfærir sér ekki að öllu leyti. Þetta telja Neytendasamtökin grafalvarlegt og þá sérstaklega þegar tilkynningar frá fjarskiptafélögum koma einungis fram á greiðsluseðlum. Þá getur oft verið erfitt að skilja flókna fjarskiptareikninga sem væri efni í aðra grein.

Gagnamagni breytt án samþykkis

Neytendasamtökin fengu inn á sitt borð mál þar sem félagsmaður hafði verið í viðskiptum við fjarskiptafélag til margra ára og greiddi upphaflega 890 krónur á mánuði. Þegar hann skoðaði reikningsyfirlit sitt kom í ljós að undanfarna 17 mánuði hafði hann greitt 3.870 krónur á mánuði. Þegar leitað var skýringa frá fjarskiptafélaginu kom í ljós að þjónustuleiðum hafði verið breytt þannig að „minnsti pakkinn“ hafði verið stækkaður og gagnamagni upp á 30GB bætt við. Nú hafði því hins vegar aftur verið breytt og væri því betra fyrir félagsmanninn að láta færa sig í minni pakka aftur. Það sem er athyglisvert í þessu máli er að félagsmaður var færður upp úr minnsta pakkanum í stærri pakka, sem var þó enn minnstur, en síðan þegar nýr minni pakki var búinn til var hann ekki færður þangað aftur þrátt fyrir að hafa aldrei nýtt sér nokkuð af því gagnamagni sem fylgdi á öllu þessu tímabili, enda með eldri gerð af farsíma en ekki snjallsíma.

Upphaflega hafnaði fjarskiptafélagið kröfum samtakanna um endurgreiðslu á ofgreiddu fé en eftir nánari samskipti samþykkti það að endurgreiða níu mánuði, þ.e. frá því tímamarki þegar nýjasti og minnsti pakkinn var settur á fót. Þannig viðurkenndi fjarskiptafélagið að það hefði átt að færa viðskiptavininn aftur niður í þann pakka þegar sá pakki leit dagsins ljós, enda ljóst að viðskiptavinurinn borgaði töluverðar fjárhæðir fyrir nákvæmlega ekki neina þjónustu í hinum pakkanum.

Villandi skilmálar líkamsræktarstöðva

Mörg mál snúa að skilmálum líkamsræktarstöðva og standa neytendur oft uppi með bindisamning sem þeir vissu ekki að þeir hefðu samþykkt eða mögulega samþykktu aldrei. Þegar keypt er líkamsræktarkort til eins árs í senn er eðlilegt að það sé neytandinn sem þurfi að endurnýja slíkt kort að ári liðnu en sumar líkamsræktarstöðvar virðast endurnýja kortin sjálfkrafa og vísa þá oft til skilmála sinna eða til einhvers konar venju. Neytendasamtökin vinna nú í máli fyrir félagsmann vegna kaupa á árskort hjá Rebook Fitness sem breyttist í mánaðaráskrift, ári eftir kaupin, án þess að félagsmaður hefði vitað af því. Illa hefur gengið að fá svör frá fyrirtækinu og hafa Neytendasamtökin því sent erindi til Neytendastofu til að fá úr því skorið hvort slíkir viðskiptahættir séu villandi.

HMG

Viskós á sér dökka hlið

-en framtíðin gæti verið björt

Jarðarbúar kaupa sífellt meira af nýjum fötum og er talið að eftirspurnin eigi eftir að þrefaldast til ársins 2050. Það er ekki síst vegna stækkandi millistéttar í fjölmennustu löndum heims, Kína og Indlandi.

Sífellt meiri ásókn í ræktunarland setur takmörk á það hversu mikið er hægt að framleiða af bómull og þá eru jafnvel teikn á lofti um að framleiðsla á ýmsum gerviefnum sé að ná þölmörkum. Mengunin sem hlýst af framleiðslu á fatnaði er mikil. Talið er að fimmtungur vatnsmengunar í heiminum sé tilkomin vegna textílframleiðslu og um fjórðungur allra kemískra efna sem framleidd eru í heiminum eru notuð í fataframleiðslu.

Viskósframleiðsla í fjarlægum löndum

Framleiðsla á viskós (viscose rayone) er að mörgu leyti umhverfisvæn þar sem hráefnið er að mestu unnið úr trjákvöðu (sellulósa) en hins vegar þarf 5,5 kg af alls kyns kemískum efnum til að framleiða eitt kíló af viskós. Eitt af þeim efnum sem

þarf til framleiðslunnar er koldisúlfíð, sem er mjög varasamt efni. Viskósframleiðsla getur því verið óumhverfisvæn og skaðleg þeim sem vinna við hana nema farið sé eftir ströngum ferlum. Það þarf því vart að koma á óvart að viskósframleiðslan hefur að mestu færst til landa þar sem vinnulöggjöf og umhverfislöggjöf er slakari en gengur og gerist á Vesturlöndum. Bresku umhverfisverndarsamtökin Changing Markets skoðuðu ástandið í kringum tíu stærstu viskósverksmiðjur heims. Verksmiðjurnar eru í Kína, Indlandi og Indónesíu þar sem 83% af viskósframleiðslu heimsins fer fram. Víða mátti sjá merki þess að skaðlegum efnum væri sleppt út í vötn og ár og í einhverjum tilfellum voru íbúar hættir að drekka vatn úr nærliggjandi brunnum. Ástæða þess að sjónum var sérstaklega beint að viskósframleiðslu er sú að mjög auðvelt er að gera framleiðsluna umhverfisvænni og að á þessum markaði er tiltölulega fáir aðilar og því ætti að vera auðveldara en ella að ná fram úrbótum.

Sænskt og umhverfisvænt

Hér í eina tíð var viskós framleitt í Svíþjóð og nú er verið að skoða hvort það geti verið vænlegur kostur að hefja þar viskósframleiðslu að nýju. Helsti kosturinn er sá að framleiðslan yrði umhverfisvænni sem myndi þó jafnframt þýða hærra verð. Hins vegar myndi

sparast á móti í flutningskostnaði, sænsk skógrækt noti góðs af og eins gætu gæðin orðið meiri, þ.e. efnið slitsterkara og rakadrægara. Í ljósi þess að eftirspurn eftir sjálfbærum textíl fer vaxandi ætti sænsk umhverfisvæn viskósframleiðsla að eiga framtíðina fyrir sér.

Ofgnótt af notuðum fötum

Á sama tíma og eftirspurnin eftir nýjum fötum eykst dregur úr eftirspurn eftir notuðum fatnaði. Í frétt á vef BBC er fjallað um hið óhóflega magn af notuðum (og oft lítið sem ekkert notuðum) fötum sem gefin eru til góðgerðarmála. Í Bretlandi fara um 10-20% í endursölu í verslunum Oxfam og annarra góðgerðarsamtaka. Restin er seld til dreifingaraðila sem flokka fötin og selja áfram til landa eins og Pakistan og Malasíu þar sem þau eru seld eða endurunnin. Nú lítur hins vegar út fyrir að mörg lönd hafi fengið sig fullsödd af fatasendingum frá Vesturlöndum. Rúanda, Kenía, Úganda, Suður-Súdan og Búrúndi tilkynntu nýlega að þau myndu stöðva innflutning á notuðum fötum frá og með 2019 en Bandaríkin eru stærsti úttflutjandi heims á notuðum fötum.

Heimild: Råd och Rön 1/2018
bbc.com Used clothes:
Why is worldwide demand declining?

Plastmengun undir smásjánni

Það er óhætt að segja að áhugi á umhverfismálum hafi stórauðist á undanförmum árum. Nú eru það ekki bara örgustu umhverfissinnar sem fárast yfir óþarfa umbúðum, rusli á víðavangi og brennslu jarðefnaeldsneytis. Fólk flykkist út að plokka, mætir með margnota pokann sinn í verslanir og kaupir rafbíla sem aldrei fyrr.

Þessa dagana fær plastmengun mikla athygli og ekki að ástæðulausu. Svo virðist sem jarðarbúum sé fyrirmunað að haga málum þannig að allt plast sé endurunnið með ábyrgum hætti. Ógrynni plasts endar í náttúrunni, ekki síst í hafinu þar sem það veldur bæði mengun og skaðar lífríkið. Plastið safnast saman á hafi úti og myndar gríðarstórar plasteyjur og þá hefur sjónum einnig verið beint að skaðsemi örplasts í hafi og vötnum. Víða um heim hafa bæði stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur gripið til aðgerða. Oftast er um að ræða bann eða takmörkun á notkun einnota plasts, svo sem eyrnápinnum, plastpokum og plaströrum og eins hefur athyglin beinst að plastumbúðum.

Draga þarf úr neyslu almennt

Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur segir í samtali við Neytendablaðið að hann hafi orðið var við mikla vakningu í þessum málum og að mörg jákvæð teikn séu á lofti um að bæði stjórnálamenn og almenningur vilji gera sitt til að sporna gegn plastmengun. „Þetta er frábær þróun og ævintýri líkast að sjá hversu mikil breyting hefur orðið á stuttum tíma. En við þurfum samt að gæta þess að önnur umhverfismál falli ekki í skuggann af þessu brýna máli, þ.e.a.s. að við föllum ekki í þá gryfju að halda að með þessu sé björninn unninn og að við



getum haldið áfram að hegða okkur illa á öðrum sviðum. Það mikilvægasta finnst mér vera að draga úr neyslunni, einfaldlega að kaupa minna, já, og velja það betur. Það skiptir nefnilega ekki öllu máli í hvaða poka við berum dótið okkar heim, heldur það hvað er í pokanum.“

Verðum að vera breytingin

Stefán bendir á að framleiðsla og flutningur á óþörfum varningi feli í sér gríðarlega og alveg ástæðulausa sóun á auðlindum. Ekki bara sóun á auðlindum í venjulegum skilningi þess orðs heldur líka á tímanum sem við notum til að vinna okkur inn fyrir þessum varningi. „Þegar við þurfum að kaupa eitthvað og ef við höfum val, þá veljum við auðvitað umhverfismerkta vörur, t.d. Svansmerktar. Slíkar vörur eru yfirleitt ekki dýrari en aðrar vörur og duga í öllum tilvikum í það minnsta jafnvel til síns brúks. Svanurinn er umhverfis-, gæða- og loftslagsmerki sem vísar okkur veginn í skynsamlegum innkaupum. Höldum áfram að plokka en hættem líka að nota einnota hluti og annan óþarfa. Við verðum að vera breytingin, eins og Mahatma Gandhi sagði,“ segir Stefán að lokum.

Á ferð og flugi



Íslendingar ferðast sem aldrei fyrr og eflaust mun stór hluti þjóðarinnar leggja land undir fót í sumar. Yfirleitt ganga ferðalögin vel fyrir sig og ferðalangar koma heim brúnir og sælir og með góðar minningar. Því miður koma þó stundum upp vandamál sem geta skemmt ferðalagið. Með smá fyrirbyggju má þó oft koma í veg fyrir slíkt og hér höfum við tekið saman nokkur góð ferðaráð.

Vegabréf einu gildu íslensku ferðaskilríkin

Mikilvægt er að vegabréfið sé tekið með og að það sé í gildi. Sum flugfélög neita farþegum um far nema þeir framvísi gildu vegabréfi með sama nafni og er á flugmiðanum. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Samgöngustofu eru íslensk vegabréf einu skilríkin sem vottað geta um ríkisfang íslenskra ríkisborgara innan Schengen og því er þess krafist að farþegar hafi þau ávallt meðferðis.

Réttur þinn ef flugi er aflýst eða því seinkað

Ef flugi seinkar eða því er aflýst eiga farþegar ákveðin réttindi sem flugfélaginu ber að virða. Réttur farþega fer eftir því hversu löng seinkunin og hversu langt flugið er. Farþegar geta þannig átt rétt á máltíðum, drykkjum, hótulgistingu og, eftir atvikum, stöðluðum skaðabótum. Ef seinkun varir lengur en fimm tíma geta farþegar átt rétt á endurgreiðslu eða breytingu á flugleið.

Áttu rétt á bótum?

Á heimasíðu Evrópsku neytendaaðstoðarinnar, www.eccisland.is, má nálgast flugreikni þar sem hægt er að fá upplýsingar um réttindi farþega þegar flugi er seinkað eða aflýst. Þú slærð inn upplýsingar um flugið, svo sem hversu löng seinkunin er og hvaðan er flogið og hvert, og flugreiknirinn upplýsir þig um rétt þinn. Evrópska neytendasástoðin aðstoðar einnig fólk við að leita réttar síns ókeypis en undanfarið hefur mátt sjá slíka þjónustu auglýsta gegn þóknun.

Eru skemmdir á farangri?

Þegar þú vitjar farangursins í komusal áfangastaðar skaltu skoða hvort það séu einhverjar sjáanlegar skemmdir á töskunum. Ef farangur hefur skemmt í meðhöndlun flugfélagsins ber það ábyrgð á því tjóni. Til að sanna að tjón hafi orðið í flugvélinni er mikilvægt að kvarta strax á flugvellinum og óska eftir skýrslu. Ef farþegi verður fyrst var við tjón þegar hann er farinn af flugvellinum getur verið erfitt að sanna hvar tjónið átti sér stað.

Leiga á bíl

Ef þú lendir í vanda í viðskiptum við bílaleigu í öðru Evrópulandi getur þú leitað til Evrópsku neytendaaðstoðarinnar (ECC.-netið) Best er þó að sýna fyrirhyggju og forðast vandræðin. Hér eru nokkur góð ráð:



Áður en þú pantar bíl

Hvað er innifalið í verðtilboði á bílaleigubílum?

Þegar neytendur skoða hagstæðasta verðið á bílaleigubílum á netinu er uppefið verð oft miðað við lágmarksupphæð án trygginga og aukabúnaðar. Gættu sérstaklega að því hvort öll gjöld og skattar séu innifalin.

Hvernig er eldsneytismálum háttað hjá viðkomandi bílaleigu?

Hjá sumum bílaleigum, sérstaklega erlendis, er gert ráð fyrir að þú skilir bílaleigubílum án þess að fylla hann af eldsneyti. Leigutaki er þá í raun að tapa peningnum sem hann notar til að kaupa eldsneyti áður en hann skilar.

- „Collect Full Return Empty Policy“ – Engin endurgreiðsla er á því bensíni sem er á bílnum þegar þú skilar honum. Ekki er gert ráð fyrir að bifreiðinni sé skilað með fullum tanki.
- „Collect Full Return Full Policy“ – Bifreiðinni skal skilað með fullum tanki. Ef tankur er ekki fullur er leigutaki rúkaður fyrir því eldsneyti sem upp á vantar, ásamt áfyllingargjaldi (e. fill up fee).

Hvaða skilmálar gilda um afpöntun?

Athugaðu hvort þú getir hætt við leigu á bílnum ef óvæntar aðstæður gera að verkum að þú þarft að hætta við fríð.

Eru takmarkanir á leigusamningnum?

Stundum er sett hámark á kílómetrafjölda eða takmarkanir hvað varðar þau lönd sem heimilt er að ferðast til á bílaleigubíl.

Þegar þú færð bílinn í hendur

Eru sömu skilmálar á samningnum og á bókun?

Þegar þú undirritar bílaleigusamning á staðnum skaltu ganga úr skugga um að skilmálar samningsins séu þeir sömu og á bókuninni sem þú hefur þegar gert. Mikilvægt er að fá afrit af samningnum og geyma hann ef eitthvað kemur uppá síðar.

Hvað er innifalið í tryggingunum?

Kannaðu hvort þú ert með ferða- eða kortatryggingu sem tekur sérstaklega á leigu á bílaleigubíl. Slíkar tryggingar geta gert aðrar tryggingar óþarfar, en mikilvægt er að kanna hvort þú sért vel tryggður á meðan leigutíma stendur.

Eru skemmdir á bíl við móttöku?

Skoðuðu bílinn með starfsmanni til að athuga hvort það séu einhverjar skemmdir á honum við móttöku. Séu skemmdir á bílnum skaltu fá skriflega yfirlýsingu, undirritaða af starfsmanni, um að skemmdirnar hafi verið til staðar þegar þú leigðir bílinn. Einnig er gott ráð að taka myndir af skemmdunum.

Ef bíll bilar eða slys verða

Athugaðu hver er stefna bílaleigunnar ef bíllinn bilar eða þú lendir í slysi á bílnum.

Ef bíllinn bilar skaltu hafa samband við bílaleiguna strax og fylgja leiðbeiningum hennar. Ekki fara sjálfur með bílinn á verkstæði án samþykkis bílaleigunnar.

Ef þú lendir í slysi á bílnum skaltu rita niður nöfn og heimilisföng allra þeirra sem tengdust slysinu. Ef það verða slys á fólki,

eða ágreiningur er um sök, skaltu hringja á lögregluna og hafa samband við bílaleiguna.

Gættu að því að virða lögin

Ef ekið er of hratt eða lagt ólöglega gæti beðið þín sekt þegar þú kemur heim. Sektir eru gjarnan skrifaðar á bílnúmer bifreiðarinnar og sendar á bílaleiguna. Bílaleigan sendir svo upplýsingar um leigutaka bifreiðarinnar til yfirvalda og rukkar leigutaka um sérstakt umsýslugjald vegna þess. Það getur því margborgað sig að gæta að því að aka ekki of hratt og leggja löglega.

Skilaðu bílnum á opnunartíma

Reyndu að skila bílaleigubílnum á opnunartíma bílaleigunnar. Þá hefur þú möguleika á að vera viðstaddur skoðun á bílnum og

getur andmælt ef því er haldið fram að þú hafir valdið skemmdum. Starfsmaður bílaleigunnar ætti að gefa út yfirlýsingu um ástand bílaleigubílsins við skil. Bæði þú og starfsmaðurinn ættu að undirrita hana. Ráðlegt er að geyma eintakið.

Leggðu í rétt stæði

Ef þú þarf að skila bílaleigubíl utan opnunartíma bílaleigunnar skaltu gæta þess að leggja honum í rétt stæði. Einnig getur verið ráðlegt að taka myndir af ástandi bílsins, þá helst með dagsetningu og kílómetrastöðu, til að sanna að bílnum hafi verið skilað í góðu ásíglumlagi.



Hótelgisting

Eftir langt ferðalag til áfangastaðar er yfirleitt gott að komast upp á hótélherbergi til að slaka á. Ef hótélherbergið er ekki fullnægjandi er mikilvægt að kvarta sem allra fyrst. Of mörg dæmi eru um að fólk kvarti fyrst þegar heim er komið en það er yfirleitt of seint. Seljandi á rétt á að bæta úr og ef hann veit ekki að viðskiptavinurinn er óánægður getur hann litlu breytt. Ef um er að ræða svokallaða pakkaferð er rétt að leita strax til fararstjóra eða hafa samband við ferðaskrifstofu.

Kaup á vörum

Það getur verið freistandi að kaupa hluti erlendis, sér í lagi ef verð er óvenju hagstætt. Það er þó mikilvægt að vera vel á verði. Ef verð á vöru er óvenju hagstætt og úr öllu sambandi við raunveruleikann getur verið að söluaðili sé að bjóða falsaðan varning, eða vöru sem er lakari að gæðum en við mætti búast. Einnig er mikilvægt að gæta alltaf vel að kreditkortum og passa að sölumadurinn hverfi aldrei úr augnsýn með kreditkortid.

Heilbrigðisþjónusta

Það geta alltaf komið upp veikindi og slys á ferðalögum og það getur verið afar kostnaðarsamt að sækja sér lækniþjónustu erlendis. Evrópska sjúkratryggingarkortið (ES-kortið) ætti því alltaf að vera með í för. Handhafar kortsins borga sama verð fyrir heilbrigðisþjónustu og sjúkratryggðir heimamenn á EES-svæðinu. Kortið tryggir lækni- og lyfjaþjónustu hjá þeim einum sem starfa innan opinbera sjúkratryggingarkerfisins, þ.e. ríkisrekna heilbrigðisþjónustu í landinu sem viðkomandi ferðast til. Kortið gildir þó ekki ef einstaklingar fara til útlanda til þess að leita sér lækniþjónustu. Sjá nánar um kortið á www.sjukra.is.

Góður ferðafélagi

Nú er hægt að nálgast ferða-app sem er góður ferðafélagi innan Evrópusambandsins og á EES-svæðinu. Appið veitir aðstoð á þeim 23 tungumálum sem töluð eru innan ESB og einnig á norsku og íslensku. Neytendur fá upplýsingar um réttindi sín í dæmigerðum aðstæðum sem geta komið upp, t.d. ef um er að ræða seinkun á flugi. Notendur geta valið til hvaða lands er ferðast og fengið mikilvægar upplýsingar sem gott er að kynna sér áður en haldið er af stað í ferðalagið. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um appið á heimasíðu eccisland.is



Frá varaformanni

Plast og aðrar áskoranir

Ágæti félagsmaður

Neytendasamtökin hafa í langan tíma kallað eftir aukinni vitund um hið vaxandi vandamál sem felst í plastmengun. Það er þó ekki fyrr en upp á síðkastið sem þessi vandi hefur komist upp á yfirborðið og í deiglu samfélagsumræðunnar. Vandinn er gríðarlegur og leysist ekki nema með aðkomu framleiðenda, seljenda og neytenda. Plastvandamálið er alls ekki bara bundið við fjúkandi poka og sóðaskap heldur tengist hann einnig urðun plasts, flokkun og loks endurvinnslu. Þess ber að geta að góð for-dæmi er að finna í löndunum í kringum okkur og ljóst að sigrar hafa unnist í þessu stríði. Forsenda góðs árangurs, eins og alltaf, er samstaða. Samstaða neytenda, framleiðenda og, síðast en ekki síst, stjórnvalda. Stjórnvöld ættu að skýra reglur betur, skerpa á viðurlögum og búa til ramma sem gæti orði vettvangur fyrir neytendur og framsækin fyrirtæki til að vinna sigra og stuðla að hreinna og betra samfélagi. Áskorun nokkur hundruð neytenda til heildsala og smásala um að hætta að bjóða vörur sem pakkað eru í plast gefur góð fyrirheit um að vilji neytenda sé skýr.

Fjölmarginar aðrar krefjandi áskoranir bíða nýs formanns og stjórnar sem kosin verður í október næstkomandi. Eftir áratuga forystu Jóhannesar Gunnarssonar heitins hefur stjórn og starfsfólk Neytendasamtakanna þurft að glíma við óvenjulegar aðstæður. Lög samtakanna hafa komið í veg fyrir að nýr formaður yrði kosinn utan reglulegra þinga samtakanna. Stjórn og starfsfólk hefur unnið hörðum höndum við að rétta af rekstur samtakanna sem stefndi í gjaldþrot um tíma á síðasta ári. Daglegur rekstur hefur þrátt fyrir þetta ekki raskast og samtökin hafa sinnt sífellt fleiri erindum félagsmanna á degi hverjum. Á sama tíma hafa samtökin barist fyrir hagsmunamálum neytenda í fullu samræmi við áherslur samtakanna sem samþykktar voru á síðasta þingi.



Þrátt fyrir að tekist hafi að rétta af rekstur samtakanna munu áskoranir fyrir nýja stjórn og nýjan formann snúast um að styrkja rekstrargrundvöll samtakanna. Auknar tekjur eru nauðsynlegar svo að stjórn og starfsfólk geti barist af krafti fyrir hagsmunum félagsmanna.

Rekstrargrundvöll samtakanna má efla með ýmsum hætti. Fjöl-gun félagsmanna er ein leið. Stjórnvöld styrkja ýmis félagasamtök og svið atvinnulífsins með beinum styrkjum, skattaávilnunum eða öðrum hætti. Vert er að kanna hvort sá möguleiki sé í boði fyrir Neytendasamtökin. Þjónustusamningar tveggja ráðuneyta við Neytendasamtökin eru ekki styrkir heldur kaup á þjón-ustu, það er ágætt að halda því til haga. Að lokum gætu aukin fjárframlög frá stéttarfélagunum stutt starf Neytendasamtakanna enn betur en nú er. Hagsmunir félagsmanna stéttarfélaga og félagsmanna Neytendasamtakanna fara vel saman og því má ætla að aukið samstarf Neytendasamtakanna og stéttarfélaganna sé ákjósanleg leið fyrir þau hvor um sig.

Það er von varaformanns að góður hópur öflugra neytenda bjóði sig fram til stjórnar á þingi samtakanna í haust. Ég mun hverfa á braut eftir krefjandi starf síðustu misseri þar sem skyldur á öðrum vettvangi útiloka áframhaldandi setu mína í stjórn.

Stefán Hrafn Jónsson



Fyrirspurnum vegna leigumála fer fjölgandi. Hér eru nokkur áhugaverð mál sem hafa komið inn á borð Leigjendaaðstoðarinnar og sýna svo ekki verður um villst að víða er pottur brotinn.

Tók við húsnæði í slæmu ástandi

-hafði skrifað undir leigusamning á íslensku

Maður af erlendu bergi brotnu leitaði til Neytendasamtakanna vegna atvinnuhúsnæðis sem hann hafði tekið á leigu. Ýmislegt var athugavert við ástand húsnæðisins, sem ekki hafði verið tekið fram í viðræðum við leigusala. Óafvitandi hafði maðurinn þó undirritað leigusamning þar sem hann samþykkti að taka við húsnæðinu í þessu slæma ástandi, en hann talaði ekki íslensku og gat því ekki lesið leigusamninginn sem hann fékk eingöngu til undirritunar á íslensku. Stóð maðurinn í þeirri meiningu að skriflegi samningurinn væri í samræmi við það sem honum og leigusala hafði farið á milli munnlega. Þar sem samningsfrelsi gildir um atvinnuhúsnæði var lítið hægt að gera fyrir umræddan skjólstæðing. Sýnir þetta mál mikilvægi þess að sýna aðgát þegar ritað er undir leigusamninga, sérstaklega þegar um er að ræða atvinnuhúsnæði.

Gert að greiða umsýslugjald

-leigjandi dregur mál til baka

Erlend kona leitaði til Leigjendaaðstoðarinnar vegna umsýslugjalda sem hún var rúkkud um eftir að hún flutti inn í leiguíbúð. Reikningurinn hljóðaði upp á 30.000 kr. en slík gjaldtaka kom hvergi fram í húsaleigusamningnum sem hún hafði undirritað né á heimasíðu leigusala. Leigjendaaðstoðin skoðaði málið og sagði konunni að þessi gjaldtaka væri að öllum líkindum óheimil og var henni boðin aðstoð við að fylla út kærnu til kærufndar húsamála. Eftir nokkra fundi með Leigjendaaðstoðinni ákvað konan þó að draga kærnu til baka og greiða reikninginn af ótta við að raska sambandi sínu við leigusala og vera sagt upp leigusamningnum. Leigjendaþjónustan gat því ekki aðhafst meira í þessu tiltekna máli en það sýnir glögglega hversu veik staða leigjenda getur verið.

Reikningur fyrir lagfæringar lækkaður

Ung stúlka leitaði til Leigjendaaðstoðarinnar vegna skila á sinni fyrstu leiguíbúð. Við skilin fór fram úttekt og taldi leigusali að ástandi á veggjum og þrífum á íbúðinni væri ábótavant. Úttektaraðili tjáði stúlkunni að lagfæringar á veggjum og málun á íbúðinni myndu kosta u.þ.b. 180.000 kr. og hún skrifaði undir samning þess efnis. Í kjölfarið fékk stúlkun sendan reikning fyrir upphæðinni sem hún taldi þá bæði ósanngjarna og fremur háa. Leigjendaaðstoðin hafði samband við leigusala enda lá ekki fyrir neinn reikningur sem sýndi hver kostnaður við þríf og lagfæringar var í raun og veru. Fór svo að reikningurinn var lækkaður niður í 110.000 kr.

Gert að flytja í snarhasti

-neitað um endurgreiðslu á tryggingarfé

Pólskur maður sem býr hér á landi fór með fjölskyldu sína til Póllands í sumarfrí síðasta sumar og kom heim í ágúst. Við heimkomuna var honum tilkynnt að hann þyrfti að yfirgefa leiguhúsnæði sitt eins fljótt og hægt væri því selja ætti eignina á nauðungarsölu. Fjölskyldan fann strax nýtt húsnæði og flutti inn í það um miðjan ágúst. Eftir að maðurinn hafði skilað af sér húsnæðinu neitaði leigusalinn að greiða til baka trygginguna sem nam tveggja mánaða leigu. Maðurinn leitaði því til Leigjendaaðstoðarinnar og eftir að haft var samband við leigusala bauðst hann til að endurgreiða hálfu trygginguna, eða sem nam mánaðarleigu. Því hafnaði skjólstæðingur okkar og bað um frekari aðstoð og var honum því hjálpað við að fylla út kærnu til kærufndar húsamála þar sem þess var krafist að tryggingin yrði endurgreidd að fullu ásamt vöxtum og endurgreiðslu á leigu fyrir seinni helming ágústmánaðar. Kærufndin féllst á allar kröfur skjólstæðings okkar.



Spurt og svarað



Jóhanna Árnadóttir

Starfsmaður FFR
- Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Í versluninni Airport fashion í Leifstöð. Starfsfólkið þar er frábært og einstaklega hjálpsamt.

Ferðu vel með peninga?

Nei, ég held að ég fari ekkert sérstaklega vel með peninga. Ég reyni að leggja fyrir um hver mánaðamót en svo þegar búíð er að borga föst útgjöld eyði ég eins og enginn sé morgundagurinn.

Hvað læturðu fara í taugarnar á þér sem neytandi?

Ég þoli ekki þegar verðmerkingar í búðum stemma ekki við það sem segir síðan á strimlinum þegar ég er búin að borga. En þar sem ég fer ekkert sérstaklega vel með peninga nenni ég ekki að eltast við 10 krónur hér og þar. Þoli ekki heldur áhugalaust starfsfólk sem tyggur tyggjó í gríð og erg þegar það er að afgreiða mig.



Svanfríður Jónasdóttir

Verkefnastjóri

Geturðu nefnt góð kaup sem þú hefur nýlega gert?

Já, ég keypti mér nýlega kjól í verslunni Blómsturvöllum á Hellissandi sem kostaði kr. 5.900 og ég veit að ég á eftir að nota mikið. Annars kaupí ég mér ekki mikið af fötum. Fyrir nokkrum árum ákvað ég að kaupa ekki flík í eitt ár. Það var ótrúlega góð tilfinning sem því fylgdi.

Hvenær keyptirðu síðast köttinn í seknum?

Það var þegar ég keypti uppfærslu á Saga Class hjá Icelandair. Hélt ég væri að gera góð kaup, en las greinilega ekki þínulitla smáaletrið nógu gaumgæfilega og endaði með að þurfa að greiða nánast fullt Saga Class verð fyrir miðann.

Áttu gott neytendaráð sem þú vilt deila?

Ef það er of gott til að vera satt, þá er það líklega ekki satt. Og svo er varhugavert að fara svangur að kaupa í matinn



Hjálmar Bogi Hafliðason

Kennari

Áttu gott neytendaráð sem þú vilt deila?

Að borga með beinhörðum peningum. Ég prófaði það í tvær vikur og það vekur mann til umhugsunar. Maður fær aftur sýn á virði hluta og peninga.

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Í Víkurraf hérna á Húsavík. Fór inn með bílað sjónvarp. Þjónustan er einföld án orðalenginga en persónuleg engu að síður.

Hvar liggja veikleikar þínir sem neytandi?

Að flýta mér og vilja kaupa hlutina strax. Við verðum að vera ábyrg fyrir eigin gjörðum. Við sendum skilaboð með peningum um okkar og eigum að nýta okkur það betur.



Andrés Magnússon

Framkvæmdarstjóri
Samtaka verslunar og þjónustu

Hvenær keyptirðu síðast köttinn í seknum?

Ég held að það sé örugglega þegar ég lét freistast til að kaupa mér skyrtu á netinu frá Kína. Hún leit ótrúlega vel út á myndinni. Skyrtan þessi hefur aldrei verið notuð og kenndi mér þá lexíu að fara mjög varlega í slíkum viðskiptum.

Hvað lætur þú fara í taugarnar á þér sem neytandi?

Sem neytandi á ég mjög erfitt með að setta við mig kuldalegt viðmót og lélega þjónustu, en slíkt gerist sem betur fer afar sjaldan, a.m.k. hér á landi.

Hvar liggja veikleikar þínir sem neytandi?

Sumir myndu segja að ég væri of mikill „spender“. Ég er ekki endilega sammála þeirri fullyrðingu en þó hættir mér til að láta freistast um of, sjái ég fallega hluti.



Neytendasamtökin í 65 ár

Leiðbeiningabæklingarnir sem Neytendasamtökin gáfu út upp úr 1953 bera tíðarandanum gott vitni. Sumir bæklingarnir voru einungis ætlaðir kvenkyns lesendum eða húsmæðrum öllu heldur. Ekki standast allar ráðleggingarnar tímans tönn en við látum það ekki aftra okkur og birtum nokkur vel valin sýnishorn.



Heimilisáhöld

„Þessi ritlingur ætti að vera góð aðstoð fyrir húsmæður, sem vilja velja góð áhöld á meðal hins mikla fjölda af lélegum áhöldum, sem á markaðinum eru.“

Í lokaorðum bæklingsins eru húsmæður hvattar til dáða.:

Þið, húsmæður, verðið að ganga ríkt eftir því, að þeir aðilar, sem ráða innflutningnum, flytji inn góð áhöld.

Notið rétt áhöld við vinnuna og farið vel með þau.

Fyrsta flokks áhöld eiga með góðri meðferð að endast allan búskapinn.

Heimilisstörfin


„Markmiðið með þessum bæklingi er að hjálpa yður að finna auðveldari leið til að vinna verk yðar“

„Þeir sem hafa fengist við brautryðjendastörf í hinni nýju fræðigreini sem kalla má vinnuhagfræði hafa sett nokkrar fastar reglur, sem geta einnig hjálpað húsmæðrum.“

„Vinnið verk yðar á góðan og taktbundinn hátt. Ef til vill hjálpar það sumum að hlusta á tónlist, sem er róandi og ánægjuleg, ekki neitt óþægilegt járnskrölt.“

„Í hvert sinn, er þér ætlið að kaupa yður nýtt áhald, þá leggið fyrir sjálfa yður nokkrar spurningar. Fullnægir þetta áhald þörfum mínum? Er það framleitt þannig, að það vinni það verk, sem því er ætlað, á auðveldan hátt og svo, að sá sem notar það, eyði ekki meiri orku við verkið en þörf er?“

„Brýnið fyrir heimilisfólkinu að ganga hreinlega um húsið. Hafið góða mottu við útidyrnar, svo að allir geti þurrkað vel af sér, áður en þeir ganga inn.“



„Frú A rétt hreyfir líkamann alveg frá hvirfli til ilja á rólegan og reglubundinn hátt.“

„Frú B röng stendur eins og negld við gólfíð með stíf hné og ökkla. Hinar snöggú hreyfingar eru einungis í handleggjunum, en bakið er stíft og hreyfist ekkert. Margir misskilja þessar hreyfingar, og þykja þær benda til mikils dugnaðar.“



„Skipuleggið vörukaupin, svo að ekki gleymist neitt, þegar verzlunarferð er gerð, og hún notizt sem best. Skrifid innkaupaskrá og hafið hana með yður, þegar þér verzlíð. Reynið að fá annað heimilisfólk til að sýna áhuga sinn á heimilisstörfunum og hjálpa til við þau, eftir því sem mögulegt er með góðu móti og þörf er á.“

Hvaða ráð má gefa um sokkaval almennt?



— Um það er allt annað en auðvelt að gefa ákveðnar reglur, enda vafasamt hvort þær yrðu þagnar, því að hér á landi, að minnsta kosti í kaupstöðum, virðist sú skoðun ríkjandi, að konur verði, tízkunnar vegna, að ganga í næfurþunnnum sokkum, hvort heldur sé úti eða inni, á sumrum eða vetrum, spari eða hversdags. Því fer þó fjarri, að allir fótleggir njóti sín í slíkum sokkum, og mun óhætt að segja, að ekki ættu aðrar konur en þær, sem hafa sérlega fallega fótleggi, að klæðast 15 denier sokkum, — og þá aðeins til spari.

10

Leiðbeiningar Neytendasamtakanna

UM NYLONSOKKA

SPURNINGAR OG SVÖR

ELSA E. GUDJÓNSSON
TÓK SAMAN



Leiðbeiningar Neytendasamtakanna

REYKJAVÍK 1956 — STEINDÖRSPRINT H.F.

Neytendastarf er í allra þágu

A4	Íslandspóstur	Smith og Norland
ASÍ	Kjölur	Sölufélag garðyrkjumanna
Atlantsolía	Krónan	Sorpa
Bananar	Landsbankinn	Toyota
Bónus	MS	Valitor
Byko	Myllan	Verkalýðs- og sjómannafélag
Coca Cola European Partners	Olís	Keflavíkur og nágrennis
Efling stéttarfélag	Penninn Eymundsson	Vínbúðin
Hagkaup	Samkaup	VÍS
Húsasmiðjan	Samskip	VR
Iceland	Sjóvá	Vörður tryggingar
Íslandsbanki	Sláturfélag Suðurlands	



Neytendur blekkir villandi fullyrðingar á matvælum

Algennt er að matvælaframleiðendur auglýsi vörur sínar með fullyrðingum um jákvæð áhrif þeirra á heilsu og vellíðan. Það er þó ekki allt leyfilegt í þessum efnum og mörg dæmi eru um að verið sé að nota óleyfilegar fullyrðingar á matvörum eða í markaðssetningu þeirra. Matvælastofnun ásamt heilbrigðis- eftirliti sveitarfélaga gerð úttekt á stöðunni hér á landi í mars sl. og er niðurstaðan sú að í meira en helmingi tilfella er verið að nota fullyrðingar sem eru villandi og þarf af leiðandi ekki leyfðar. Fæðubótarefni skera sig sérstaklega úr en af 19 fullyrðingum voru einungis þrjár í lagi. Úttektin leiddi einnig í ljós að oft er gengið lengra í fullyrðingum í auglýsingum og á heimasíðum fyrirtækjanna en í þeim fullyrðingum sem settar eru á vöruna sjálfa.

Mikilvæg úttekt

Neytendasamtökin fagna þessari úttekt sem er mjög mikilvæg til að kortleggja vandann en hún sýnir jafnframt að frekari aðgerða er þörf. Reglur um fullyrðingar á matvörum og fæðubótarefnum hafa verið settar til að tryggja að ekki sé verið að villa um fyrir neytendum. Neytendur eiga að geta treyst því að fullyrðingar framleiðenda byggji á rökstuddum grunni og séu þar af leiðandi marktækar. Úttektin sýnir hins vegar að neytendur eru ítrekað blekkir og það er að mati Neytendasamtakanna ólíðandi.

Dæmi um villandi fullyrðingar sem sjá má í úttektinni:

Losnaði við verki og bólgu af vefjagigt

Um er að ræða svokallaða sjúkdómsfullyrðingu en þær eru aldrei leyfðar.

Á sýrðri mjólkurafurð segir **Ríkt af hágæðapróteínum** þessi fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar næringarfullyrðingar.

Á grófu brauði segir **Gott fyrir uppbyggingu vöðva** Þessi fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar.

Á sýrðri mjólkurafurð stendur **Létt**

Ekki er útskýrt hvað það er sem geri þessa afurð léttá og er fullyrðingin þar af leiðandi ekki heimil.

Á grænmetisrétti segir **Ríkt af próteínum**

Varan uppfyllir ekki þau skilyrði að a.m.k. 20% af orkugildi hennar komi úr próteínum.



Úttektin ákveðin vísbending

Grímur Eggert Ólafsson er fagstjóri hjá Matvælastofnun. Hann segir að það hafi komið á óvart hversu margar fullyrðingar stóðust ekki kröfur. Úrtakið hafi hins vegar verið fremur lítið og því er erfitt að draga miklar ályktanir af

þessum niðurstöðum þó þær gefi vissulega vísbendingu. En verður framhald á þessari vinnu í ljósi niðurstöðunnar? „Já, Mast hefur ákveðið að leggja aukna áherslu á eftirlit með fullyrðingum í fyrirtækjum sem heyra undir stofnunina. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fer með markaðseftirlit, þ.e. eftirlit með vörum í verslunum. Heilbrigðiseftirlitið er ekki undir beinni stjórn Matvælastofnunar heldur heyrir það undir heilbrigðisnefndir í viðkomandi sveitarfélagi. Eitt af markmiðum verkefnisins var að þjálfa eftirlitsmenn í að þekkja og meta fullyrðingar. En endanlegar áherslur í eftirliti er ákvörðun heilbrigðiseftirlitssvæðanna sjálfra.“ Aðspurður hvort það hefði ekki mátt upplýsa hvaða vörur voru í úttektinni og birta mynd af þeim segir Grímur að það hefði mátt gera það. „Við ákváðum hins vegar í ljósi takmarkana við framkvæmdina, eins og áður hefur komið fram, að gera það ekki. Hins vegar er hægt að óska eftir þessum upplýsingum í krafti upplýsingalaga með því að senda fyrirspurn til stofnunarinnar.“

Glýfosat

umdeilt efni í illgresiseyði

Athygli fólks hefur í auknum mæli beinst að skaðsemi varnarefna sem notuð eru í því skyni að eyða illgresi. Einn algengasti illgresiseyðir á markaði er Round Up, sem inniheldur efnið glýfosat. Glýfosat er umdeilt og sífellt fleiri þjóðir eru farnar að setja skorður við sölu og notkun efnisins.

Glýfosat eða N-(fosfónómetylglýsín) er eitt algengasta efnið sem notað er í illgresiseyði í heiminum. Efnið var upphaflega hannað af efnaverkfræðingi hjá fyrirtækinu Monsanto en glýfosat er virka efnið í illgresiseyðinum Round Up sem Monsanto setti á markað árið 1974. Rúmum tveimur áratugum síðar, um það bil sem einkaleyfi Monsanto á glýfosat var að renna út, setti fyrirtækið á markað erfðabreytt sæðkorn fyrir ýmsar nytjaplöntur sem þolir efnið glýfosat, svo sem; soja, maís, kanola og bómull og kallast þau „Round Up Ready“. Þessi tækni gerði ræktun stórbænda skilvirkari og auðveldari því nú gátu þeir spreyað akra sína með Round Up og drepið illgresið án þess að skaða nytjaplöntuna. Salan á Round Up jókst úr 3.200 tonnum árið 1974 í 835.000 tonn árið 2014. Þessi gríðarlega aukning stafar aðallega af ræktun erfðabreyttra nytjaplantna á Indlandi og í Bandaríkjunum, Kanada og Argentínu. Opinberar tölur sýna einnig að notkun glýfosats í breskum landbúnaði hefur aukist um hvorki meira né minna en 400% á síðustu 20 árum.

Deilt um glýfosat í Brussel

Í desember á síðasta ári endurnýjaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leyfið fyrir dreifingu og notkun glýfosats í Evrópulöndum til 5 ára en ekki 10 eins og var fyrst var lagt upp með. Það gekk ekki átakalaust fyrir sig og þurfti að fresta atkvæðagreiðslu tvisvar þar sem ekki náðist meirihluti um að framlengja leyfið eða afturkalla það. Loks var það Þýskaland, sem hafði kosið að sitja hjá við fyrstu tvær atkvæðagreiðslurnar, sem fékkst til að samþykkja framlenginguna. Það skipti sköpum fyrir málið en olli mjög kröftugum mótmælum heima fyrir. Frakkland, sem er stærsta landbúnaðarland Evrópu, greiddi atkvæði á móti framlengingu leyfisins og ákvað einhliða að gefa sér þrjú ár til að



banna notkun glýfosats. Franskir stórbændur mótmæla nú þessu banni.

Notað í landbúnaði en dreifist víðar

Glýfosat þykir einn besti illgresiseyðir sem völ er á. Efnið hefur mikið verið notað til að halda járnbrautarteinum hreinum og hreinsa stéttir og vegkanta, og það hefur jafnframt verið notað í skógrækt (jólratjærækt til dæmis) og að sjálfsögðu mikið í landbúnaði, einkum í kornrækt. Talið var að efnið gæti ekki mengað grunnvatn en svo bárust þær fréttir frá Danmörku að glýfosat hefði mengað grunnvatnið á eins til fimm metra dýpi þótt efnið ætti ekki að fara dýpra í jörðu en 15 cm.

Fyrir nokkrum árum kom einnig í ljós að styrkur glýfosats í brjóstamjólki bandarískra kvenna var allt að 1.600 sinnum hærri en leyfilegur styrkur efnisins í drykkjarvatni er innan Evrópusambandsins (Moms Across America og Sustainable Pulse 2013). Þá er þekkt rannsókn sem Greenpeace lét gera á Evrópuþingi sem leiddi í ljós að þvagrufur sem voru teknar af þingmönnum innihéldu allar glýfosat.

Er glýfosat mögulega krabbameinsvaldandi?

Fjölmargar rannsóknar hafa verið gerðar sem þykja benda til skaðsemi glýfosats. Í mars 2015 sendi Alþjóðlega krabbameinsrannsóknastofnunin (IARC) frá sér álit. Eftir ítarlega skoðun á þeim vísindalegu rannsóknnum sem fyrir lágu komst hún að þeirri niðurstöðu að glýfosat væri „líklega krabbameinsvaldandi“. Þetta var óneitanlega þungt áfall fyrir framleiðendur efnisins sem sáu markað upp á 80 milljarða íslenskra króna í uppnámi. Eins og við var að búast var allt gert til að finna mótrök, og þau komu fljótlega því frá Berlín bárust þverfug skilaboð. Þýska áhættumatsstofnunin (Bundesinstitut für Risikobewertung, BfR) gaf



út sitt álit: Glýfosat er „ekki krabbameinsvaldandi“. Þegar valin er ráðgjöf í málum sem EFSA tekur að sér og gefur álit um, eins og um glýfosat, velur stofnunin fyrst landið sem verður ábyrgt fyrir rannsóknarvinnunni og það land velur svo stofnunina sem gerir áhættumatið. Það gerði BfR og skýrsla hennar var svo notuð til að móta álit EFSA sem mælti með því að endurnýja leyfisveitingu fyrir glýfosat plöntueitrið til 10 ára.

Monsanto-skjölin

Það vill svo til að á nákvæmlega sama tíma og Matvælaeftirlitsstofnun Evrópu (EFSA) birti sitt álit og átti að ákveða framlengingu leyfis fyrir glýfosat-vörur, var viðskiptaleynd lyft í Bandaríkjunum af 25 ára gömlum trúnaðarskjölum frá Monsanto. Þar á meðal voru skjöl um samskiptin innan Monsanto, og á milli fyrirtækisins og vísindamanna, um glýfosat og Round Up. Umræðan um glýfosat var í hámarki og blaðamenn í Evrópu lágu yfir því sem var kallað „Monsanto Papers“ með tilvísun í Panama Papers. Þá kom í ljós að álit BfR, og þar með EFSA, var að mestu leyti tekið orð fyrir orð úr rannsóknarskýrslum Monsanto sem sýndu að sjálfsögðu fram á algert skaðleysi glýfosats. Rannsóknarblaðamenn, svo sem frá Le Monde og Der Spiegel, komu upp um óeðlileg áhrif framleiðandanna á stofnanir eins og EFSA – sem sýndu berlega að hagsmunir framleiðenda vógu þyngra en hagsmunir almennings.

Staðan í Evrópu og á Íslandi

Andstaðan við glýfosat er víða mikil og hefur fjöldi borga og sveitarfélaga tekið upp glýfosat-lausa stefnu. Hér á landi er sala á Round Up og annara glýfosat- plöntueyða leyfð fyrir leikmenn sem og fagmenn í öllum verslunum sem selja garðyrkjuvörur. Vegagerðin og Skógræktin hafa notað Round Up eða Clinic

(sem er bannað að nota í dag) í baráttu við lúpínu eða skógar-kerfil en viðbrögð almennings hafa verið það sterk að Vegagerðin hefur lýst því yfir að hún ætlaði að stórminnka notkun efnisins, m.a. á vegaröxlum – enda hafi hún ekki verið stór notandi efnisins hingað til. Þrír illgresiseyðar sem innihalda glýfosat eru til sölu hér á landi en ekki hefur reynst mögulegt að komast að því hve mikið magn er notað né heldur hvar glýfosat er mest notað hér. Þó er talið að notkun almennings sé um það bil 25% af heildarnotkun illgresiseyða, hvort sem þeir innihalda glýfosat eða annað virkt efni. Tvö vörumerki eru nú leyfð á Íslandi: Round Up og Keeper. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun voru notuð 1.093 kg af glýfosat hér heima árið 2016. Í Evrópu hafa mörg lönd bannað sölu efnisins til einstaklinga, svo sem Holland, Belgía (flæmski hlutinn) og Frakkland. Þessi lönd, auk fleiri landa, hafa þar að auki lagt bann við notkun efnisins í almenningsgörðum og á afþreyingarsvæðum. Í Þýskalandi er von á slíku banni innan skamms. Malta hefur alfarið bannað notkun glýfosats í landinu, sem og Oman og fleiri ríki við Persaflóann. Vandamálið í dag er þó að ekkert efni, sem getur komið í staðinn fyrir glýfosat, er hættulaust með öllu fyrir heilsu manna. Flest sveitarfélög eða borgir velja að nota hand- og vélarafli, sem er að vísu kostnaðasamara. Það er vel raunhæft að minnka notkun glýfosats á Íslandi og þá fyrst og fremst með því að takmarka eða banna aðgang almennings að efninu. Einnig þarf að fá stærri notendur til að finna aðrar leiðir, eins og Vegagerðin hefur verið að skoða. Heilsa fólks og umhverfið ættu jú alltaf af njóta vafans.

Dominique Plédel Jónsson

Pálmolía

– mest selda jurtaolía í heiminum en jafnframt sú umdeildasta

Framleiðsla á pálmolíu hefur margfaldast á undanförunum áratugum. Árið 1995 var heimsframleiðslan 15,2 milljónir tonna en árið 2015 hafði hún fjórfaldast og var orðin 62,6 milljón tonna. Vinsældir pálmolíunnar eru skiljanlegar. Hún er ódýr í framleiðslu en pálmolíutréd skilar tíu sinnum meiri jurtaolíu á hektara en soja, repja og sólblóm. Pálmolían er bragðlaus, hún þránar hægt, þolir vel eldun og við stofuhita er hún í föstu formi sem gerir hana ákjósanlegan kost í alls kyns tilbúinn mat. Pálmolía er einnig mikið notuð í snyrtivöruframleiðslu og hreinlætisvörur sem og í efnaíðnaði.



Heimkynni Órangútana eru rengskógar Borneó og Súmötru. Vegna ágangs mannsins eru orangútanar nú í útrýmingarhættu.

Neikvæð umhverfisáhrif

Framleiðslan á þessari vinsælu olíu tekur þó sinn toll því umhverfisáhrifin eru mikil og neikvæð. Pálmolíuræktun fer að langmestu leyti fram í Indónesíu og Malasíu þar sem stór landsvæði hafa verið lögð undir pálmolíuplantekjur. Skógar hafa verið höggðir og mólendi þurrkað upp með alvarlegum afleiðingum fyrir dýralíf auk þess sem þessi breyting á vistkerfinu losar gríðarlegt magn gróðurhúsalofttegunda. Á eyjunni Borneo hefur órangútönum fækkað mikið eftir að náttúrulegum heimkynnum þeirra hefur verið breytt í plantekjur. Hér í eina tíð var eyjan þakin regnskógi og á eyðing þeirra sér vart hliðstæðu. Athyglin hefur því eðlilega beinst að þeirri eyðileggingu sem pálmolíuræktun hefur í för með sér og upplýstir neytendur hafa í vaxandi mæli gert kröfu um ábyrgari ræktun og framleiðslu.

Stefnt að sjálfbærni

Árið 2004 voru sett á fót samtök sem kallast Roundtable on Sustainable Palm Oil (RSPO). Þátttakendur eru framleiðendur, seljendur, félagasamtök og aðrir sem hafa það sameiginlega markmið að ýta undir sjálfbæra framleiðslu á pálmolíu. Horft er til umhverfissjónarmiða og aðstæðna verkafólks á ökrunum. Margar verslunarkæðjur nota nú einungis RSPO-merktu pálmolíu í framleiðslu sína. Merkingin hefur þó verið gagnrýnd fyrir að ganga of skammt og segjast dönsku neytendasamtökin Tænk ekki geta mælt með henni. Hlíf Yvy Linnetved frá WWF náttúruverndarsamtökunum segir í viðtali við Tænk að vissulega sé hægt að bæta merkinguna, og það sé reyndar í bigerð, en í dag sé merkingin það skásta sem við höfum. Torben Chrintz, ráðgjafi í umhverfismálum, telur að RSPO-framtakið hafi litla þýðingu þar sem magnið af olíu sem er framleitt sé aðalvandamálið. „Ef seljendur hafa raunverulega áhuga á að vernda umhverfið ættu þeir að segja neytendum að kaupa minni olíu,“ segir hann.

Pálmolían ekki holl

Pálmolían inniheldur 49% af mettaðri fitu, pálmkjarnaolía heil 82% en rapsolía einungis 7%. Fæstir nota pálmolíu við eldamennskuna heima við en hún er mjög mikið notuð í unnar matvörur, svo sem kex, kökur, súkkulaði og ís.



RSPO merkingin

Engin pálmolía í eigin framleiðslu

Verslunarkeðjan Iceland tilkynnti nýlega að hún muni hætta að nota pálmolíu í eigin framleiðslu enda sé ekkert til í dag sem heiti sjálfbær pálmolíuframleiðsla. RSPO-samtökin gagnrýna þessa ákvörðun og segja enga aðra afurð gefa af sér meiri olíu per hektara. Sú olía sem notuð verði í staðinn gæti verið allt eins óumhverfisvæn þar sem það þurfi meira ræktunarland fyrir sömu uppskeru. Framtak Iceland er í öllu falli athyglisvert og gefur neytendum færi á að sniðganga pálmolíu algerlega kjósi þeir það en notkunin er svo víðtæk að talið er að pálmolíu sé að finna í u.þ.b. helmingi af öllum vörum sem finna má í hillum verslana.

Í 4. tbl. Neytendablaðsins 2012 var ítarleg umfjöllun um pálmolíu sem finna má á www.ns.is



Pálmolía er unnin úr ávöxtum afríska pálmolíutrésins (Elaeis guineensis). Pálmolíuávextir vaxa í knippum fjóra til fimm metra frá jörðu.

BP

Loforðaflaumur sem stenst ekki

Krem sem eiga að vinna á appelsínuhúð skila litlum sem engum árangri. Það er niðurstaða gæðakönnunar sem neytendasamtök í Evrópu létu gera og segir frá í danska neytendablaðinu Tænk. Mikið úrval er af kremum sem sögð eru gagnast í baráttunni við appelsínuhúð eða cellulite og ekki vantar loforðaflauminn um gagnsemina. Samkvæmt niðurstöðu gæðakönnunarinnar er þó alveg eins gott að eyða peningnum í hefðbundið „body lotion“ eða húðkrem.

Árangurinn af mánaðarnotkun er það lítill að hann er vart mælanlegur og lítill munur mældist á þeim hóp sem fékk appelsínuhúðkremið og hjá þeim sem smurðu sig með venjulegu kremi. Það skal þó tekið fram að tilraunadýrin, sem voru alls 30, voru aðeins jákvæðari en sérfræðingarnir sem fengnir voru til að meta árangurinn. Það virtist þó ekki skipta mestu máli hvaða krem var notað, heldur hin daglega „smurning“ og hið léttu nudd sem henni fylgir.





FJÖLNOTA ALLA DAGA

LÉTTUR POKI SEM FER LÍTIÐ FYRIR

Á hverju ári enda 20 milljónir plastpoka á íslenskum ruslahaugum eftir aðeins eina notkun. Látum það heyra fortíðinni til. Fjölnota er framtíðin!



 VÍNBUÐIN

vinbudin.is